



# Gunnar Viðar o.fl. Landsbankanum til bankamálaráðherrans/utanríkisráðherra vegna gengishagnaðar.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Landsbankinn –  
Bankamálaráðherra – Gengishagnaður – Gunnar Viðar - 1950

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-12, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# LANDSBANKI ÍSLANDS

SÍMNEFNI: LANDSBANKI

REYKJAVÍK, 16. marz 1950.

Hér með leyfum vér oss að senda yður, herra utanríkisráðherra, afrit af bréfi voru, dags. í dag, til bankamálaráðherra, varðandi tillögu meirihluta fjárhagsnefndar n.d. Alþingis um ráðstöfun gengishagnaðar þess, sem leiða mundi af gengislækkun krónunnar skv. frv. um gengisskráningu o.fl.

Virðingarfyllst

LANDSBANKI ÍSLANDS

*Þorgerður Elmsævi* Gunnar Víðar

Til utanríkisráðherra,

R e y k j a v í k .  
-----

16. marz 1950.

Í framhaldi af viðtali voru við hestvirtan bankamálaráðherra og fleiri ráðherra varðandi fyrirtælanir um, að vantanlegur gengishagnaður verði látinn renna í opinbera sjóði, sem lána fé til bygginga og annarra framkvæmda, leyfum vér oss að taka fram eftirfarandi:

Sankvæmt breytingatillögu meiri hluta fjárhagsnefndar n.d. við 3. gr. frv. skal gengishagnaðurinn lánaður byggingarsjóði verkamanna, byggingarsjóði Búnaðarbankans og Ræktunarsjóði, að 1/3 hverjum, í því skyni, að féð verði lánað út aftur til verklegra framkvæmda. Að vísu eru þessi lán á gengishagnaðinum til sjóðanna talin eiga að vera bráðabirgðalán, sem greiðast síðan með andvirði hins sérstaka eignarskatts, en þar er þess að geta, að dráttur getur orðið á álagningu hans, auk þess sem aðeins 10% skattaupphæða fram yfir 2.000 kr. eiga, skv. tillögunum, að greiðast í reiðufé. Er því bersýnilegt, að "bráðabirgðalán" þau, sem hér er um að ræða, geta í raun orðið alllöng, og er reyndar sennilegast að svo verði.

Með bréfi voru l. þ.m. til fjárhagsnefndar n.d. lögðum vér eindregið til, að fjárens til greiðslu bóta á sparifé yrði aflað með öðrum hætti en þeim, að nota til þess gengishagnaðinn, þar sem slíkt jafngilti að nokkru leyti lánsfjárfenslu. Var ekki kveðið sterkar að orði en þetta vegna þess, að vér gengum út frá því að sparifjáruppbæturnar yrðu, skv. tillögum vorum, færðar á sparisjóðsreikninga hlutaðeigandi, þannig að gera mátti sér vonir um, að bótagreiðslur mundu ekki leiða til aukinna útgjalda af hálfu móttakenda þeirra að svo stöddu.

Breytingatillaga meiri hluta fjárhagsnefndar n.d. felur það hins vegar í sér, að allur gengishagnaðurinn er tekinn þegar í stað og honum varið til verklegra framkvæmda, án þess að nokkur trygging sé fyrir endurgreiðslu fjárens fyrr en að löngum tíma liðnum. Er því hér um að ræða hreina og beina lánsfjárfenslu, sem er sama eðlis og að Landsbankinn væri skyldaður til að lána sömu upphæð ákveðnum aðilum til lengri tíma.

Jafnframt því að vér berum fram eindregin mótmæli vor gegn þessari tillögu meiri hluta fjárhagsnefndar, viljum vér skírskota til alls þess,

sem greinargerð frv. segir um nauðsynina á því, að komið verði í veg fyrir frekari nýmyndun dýrtíðar. Eru þar réttilega færð fram rök fyrir því, að árangur aðgerða þeirra, sem frv. gerir ráð fyrir, sé undir því kominn, að bundinn verði endir á lánsfjárfensluna. Væri það illa farið, ef sett yrðu inn í gengisfellingarlögin ákvæði, sem fara eins augljóslega á bág við megintilgang frv. eins og þessi breytinga-  
tillaga fjárhagsnefndar neðri deildar gerir.

Fari hins vegar svo, að hæstvirt ríkisstjórn sjái sér ekki fært að falla frá þessum áformum um ráðstöfun gengishagnaðarins, þá eru það eindregin tilmæli vor til hennar, að útborgun gengishagnaðarins verði ekki látin eiga sér stað strax, heldur smám saman á ekki skemmri tíma en 3-5 árum.

Virðingarfyllt  
LANDSBANKI ÍSLANDS

Til bankamálaráðherra,  
R e y k j a v í k .  
-----